


EIC - niðurstöður

Exercise Induced Collapse

1. Heildarniðurstöður

Samtals fengust EIC niðurstöður fyrir 246 hunda. Niðurstöðurnar sýna að tæplega 70% hunda eru hreinir, rúmur fjórðungur eru berar og 4,5% eru arfhreinir.


Niðurstaða	Fjöldi	Hlutfall
Hreinir (N/N)	172	69,9%
Berar (#)	63	25,6%
Arfhreinir (EIC)	11	4,5%
Samtals	246	100%



2. Niðurstöður eftir litum

Áður en farið var af stað í söfnun upplýsinga um EIC var það tilfinning nefndarinnar að EIC væri útbreiddara í brúna stofninum heldur en þeim svarta og gula. Til að sannreyna það voru niðurstöðurnar skoðaðar með tilliti til lita og kom í ljós að brúnu skera sig verulega úr með mun hærra hlutfall bera og arfhreinna.

Litur	Fjöldi	Hreinir	Berar	Arfhreinir
Svartur	119	73,9%	24,4%	1,7%
Gulur	77	76,6%	20,8%	2,6%
Brúnn	50	50,0%	36,0%	14,0%



3. Samantekt

Helstu niðurstöður

Af 246 prófuðum hundum eru 172 (69,9%) hreinir, 63 (25,6%) eru berar og 11 (4,5%) eru arfhreinir fyrir stökkbreytingunni. Rúmur fjórðungur stofnsins ber stökkbreytinguna, sem þýðir að ræktendur þurfa að huga vel að pörun til að forðast að para saman tvo bera.

Munur eftir litum

Brúnir skera sig verulega úr. Aðeins helmingur þeirra eru hreinir samanborið við 74-77% hjá svörtum og gulum. Sérstaklega áberandi er hlutfall arfhreinna — 14% hjá brúnum samanborið við 1,7-2,6% hjá öðrum litum. Þetta bendir sterklega til þess að stökkbreytingin fyrir EIC sé mun útbreiddara í brúnum blóðlínunum hér á landi.

Úrtaksstærð

Ef gengið er út frá því að upplýsingar um lifandi skráða labradora í gagnagrunni retrieverdeildarinnar séu nokkuð réttar (rúmlega 3.700) er 246 hunda úrtak 6,6% af stofninum og öryggismörkin 95%. Það má því gera ráð fyrir að niðurstöðurnar gefi nokkuð góða heildarmynd af stofninum ± 5 prósentustig.

Að lokum

Þar sem um fjórðungur stofnsins ber stökkbreytingu fyrir EIC er mikilvægt að prófa hunda fyrir pörun til að koma í veg fyrir að 2 berar séu paraðir saman. Pörun tveggja bera leiðir til þess að 25% líkur eru á að afkvæmi verði arfhrein og sýni einkenni EIC. Nefndin ætlar ekki að leggja mat á það hvort ástæða sé til að skylda ræktendur til að prófa hunda sína fyrir EIC fyrir pörun en það er ljóst að það er í það minnsta þörf á að hvetja ræktendur til þess, m.a. með því að bjóða upp á DNA daga líkt og heilbrigðisnefndin gerði á síðasta ári.

Þó heilbrigðisnefndin taki ekki beina afstöðu, vill hún hvetja til þess að umræða um það hvort skylda eigi ræktendur til að prófa fyrir EIC og/eða öðrum alvarlegum sjúkdómum fyrir pörun fari fram innan deildarinnar. Nefndin vill einnig hvetja til þess að umræða verði tekin um það hvort ásættanlegt sé að rækta undan einstaklingum sem eru arfhreinir fyrir stökkbreytingum sem valda alvarlegum sjúkdómum. Þeir einstaklingar sem eru arfhreinir og eru paraðir við hreina einstaklinga gefa af sér 100% bera á meðan það eru 50% líkur á að afkvæmi bera sem paraður er við hreinan einstakling séu hreinir.